



Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

Ársskýrsla 2017

Gerð í mars 2018

Hrönn Hafþórsdóttir
forstöðukona Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Efnisyfirlit

Bókasafn Fjallabyggðar	3
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	3
Afgreiðslutími	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2017	3
Húsnæðismál	4
Rekstur safnsins og fjárveitingar	5
Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar	5
Safnkostur	6
Flokkun og skráning	6
Útlán	7
Gestir	8
Helstu verkefni 2017	9
Viðburðir og sýningar	9
Héraðsskjalasafn	10
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	10
Húsnæðismál	10
Rekstur og fjárveitingar	11
Mannauður	11
Helstu verkefni	11
Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð	13
Opnunartími	13
Rekstur og fjárveitingar	13
Mannauður	13
Ferðamenn	14
Þjóðerni sem skráð voru	14
Algengustu fyrirspurnir ferðamanna	15
Helstu breytingar	16

Bókasafn Fjallabyggðar

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ.á.m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms.

Afgreiðslutími

1. september – 31. maí: Opið virka daga frá kl. 13.00 -17.00

1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl. 09.00 - 17.00. Helgar frá kl. 11.00 – 15.00 (lokað á sunnudögum í Ólafsfirði).

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2017

Á bóka- og héraðsskjalasafninu eru fjórir fastráðnir starfsmenn í tæpum þremur stöðugildum. Seinni hluta ársins 2017 var aukið við stöðugildin um 0.35. Forstöðukona fór úr 90% starfi í 100% sem skiptist 50% og 50% á bóka- og héraðsskjalasafnið. Bókavörður, Ólafsfirði er í 90% starfi við bókasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Bókavörður, Siglufirði er í 50% starfi við bókasafnið, 15% við héraðsskjalasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Skjalavörður er í 50% starfi.

Starfsmenn voru ráðnir í sumarafleysingar, 50% á Ólafsfirði og 2x50% á Siglufirði. Einnig hefur Ragnar Haukur Sværissón verið í 50% starfi yfir sumarið undanfarin ár og hefur hann unnið ómetanlegt starf við frágang og tengingu bókakosts .

Starfsmenn árið 2017

Sigríður Sigurjónsdóttir lét af störfum á seinni hluta ársins eftir farsælt 19 ára starf sem bókavörður á Siglufirði. Starfið var auglýst og barst ein umsókn frá Bylgju Hafþórsdóttur, var hún ráðin og hóf störf þann 1. nóvember.

Stöðugildi	Bókasafn	Héraðsskjalasafn	Upplýsingamiðstöð
------------	----------	------------------	-------------------

Anna Hulda Júlíusdóttir		50%	
Bylgja Hafþórsdóttir	Frá 1. nóv 50%	Frá 1. nóv 15%	Frá 1. nóv 10%
Hrönn Hafþórsdóttir	40% til okt 50% út árið	40% til okt 50% út árið	
Ragnar Haukur Sverrisson	Sumarstarfsmaður 50%		
Sigríður Sigurjónsdóttir	Til 1. nóv 50%- lét þá af störfum v/ aldurs		
Vilhjálmur Hróarsson	90%		10%
Sumarafleysingar 1. júní- 31. ágúst Bylgja Hafþórsdóttir, Eva Hrund Unnarsdóttir og Jódís Jana Helgadóttir			100% 50% og 50%

Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði er til húsa að Ólafsvegi 4 (gamla stjórnarsýsluhúsinu). Neðri hæð hýsir nýjar og nýlegar bækur ásamt afgreiðslu og á efri hæð eru eldri bækur, setustofa og fundaraðstaða. Hluti efri hæðar og anddyri er samnýtt með stjórnarsýslunni. Engar breytingar hafa orðið á húsakosti og aðstöðu á árinu.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 eins og verið hefur síðustu 53 árin. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Litlu sem engu hefur verið eytt í viðhald síðustu ár og brýnt er að fara að huga að viðhaldi. Gluggar leka, gólfefni er ónýtt, hillubúnað og húsgögn þyrfti einnig að taka í gegn og laga. Þetta er óbreytt frá fyrra ári og hefur engu viðhaldi verið sinnt á árinu og **reyndar ekki neitt viðhald sem hefur átt sér stað þessi fjögur ár sem undirrituð hefur verið við störf.**

Rekstur safnsins og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld bókasafns 2017 með nýtingu tekna voru kr. 23.078.501. Árið áður voru rekstrargjöld með nýtingu tekna kr. 26.764.000.

Framlag Fjallabyggðar til bókasafnsins varð kr. 22.871.334 sem er lítillega undir áætlun. Mismunur á framlagi milli ára er til kominn vegna húsaleigu en hluti hennar var nú kostnaðarfærður á Upplýsingamiðstöð. Eins og áður hefur verið reynt að halda niðri kostnaðarliðum eins og mögulegt er.

Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Gjafir sem bárust á árinu voru mest bækur. Velunnarar safnsins færðu því veglegar bóka- og tímaritagjafir á árinu. Rúmlega 5.200 bækur ásamt 222 tímaritum voru gefin safninu. Eru þessar bækur notaðar til að skipta út gömlum óhreinum og illa förnum bókum og einnig eru margar af þessum gjafabókum titlar sem bókasafnið átti ekki. Þegar teknar eru saman þær bækur sem safnið fær að gjöf og bækur sem eru hér fyrir í geymslu má áætla að ríflega 3.500 bókum hafi verið skipt út fyrir aðrar betri. Aðrar gjafir voru helstar leikföng á barnadeild, húsmunir á barnadeild, púsl, litir og spil. Þessar gjafir eiga stóran þátt í því hve heimsóknum barna og foreldra hefur fjölgað því afþreying hefur stóraukist 😊. Einnig fáum við reglulega gefins púsl sem við seljum ódýrt og er peningur sem fæst fyrir það notaður til að kaupa ýmislegt sem safninu vanhagar um. Sem dæmi má nefna að öll gulu húsgögnin sem keypt hafa verið á

barnadeildina Siglufjarðarmegin eru keypt fyrir þann pening. Jólaskraut, hnifapör og fleira smálegt hefur líka verið keypt.

Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

Í desember 2014

Bókasafnið Siglufirði, 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 14.895 eintök

Í desember 2015

Bókasafnið Siglufirði, 24.828 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.437 eintök

Í desember 2016

Bókasafnið Siglufirði, 27.064 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.806 eintök

Í desember 2017

Bókasafnið Siglufirði, 31.116 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.457

Flokkun og skráning


Tengdum eintökum í Gegni- samskrá bókasafna hefur fjölgað um 4.703 og nú er óhætt að segja að **ótengdar** bækur í eigu safnsins eru **ekki lengur** hluti af safnkostinum. TENGINGU ER LOKIÐ. Mikil vinna er þó enn framundan með tímarit sem eru í eigu bókasafnsins á Siglufirði. Grisjun tímaritanna lauk á árinu og vonast er til að vinna hefjist við tengingu á árinu 2018.

Titlar útgefnir á árinu 2017 samkvæmt Bókatíðindum voru um það bil 700 talsins. Af þeim keypti bókasafn Fjallabyggðar 281 titil á bókasafnið á Siglufirði og 262 titla á bókasafnið í Ólafsfirði. Einnig voru keypt tímarit og hljóðbækur en í litlu magni þó. Lítið sem ekkert er keypt inn af bókum á erlendum tungumálum. Árlega er farið á bókamarkað bókaútgefenda og þar eru keyptar eldri bækur sem safnið á ekki og hefur mest áhersla verið lögð á að bæta við bókakostinn á barnadeild.


Útlán

Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða.

Útlán á árinu 2017 voru alls 9.052 (S 5.378/Ó 3.674) sem er fækkun frá árinu áður. Árið 2016 voru útlán samtals 9.911 (S 5.631/ Ó 4.280). Útlánin eru um 859 færri en árið áður eða tæplega 10% minnkun. Kemur það að mestu til vegna þess hve skipaútlánnum hefur fækkað og einnig hefur heimsóknum barna í bókasafnið í Ólafsfirði fækkað eftir að neðri bekkir Grunnskólans fluttust yfir til Siglufjarðar en hefur að sama skapi aukist á Siglufirði. Staðan í dag er þannig að vegna mikillar aukningar á gestafjölda og eftirspurn eftir nýjum bókum þá er ekki nægjanlegt að eiga eitt eintak af bók á hvoru safni. Útlán væru mikið fleiri ef safnið hefði tök á að kaupa fleiri en eitt eintak af vinsælustu bókunum. Við önnum ekki eftirspurn.



Gestir



Lánþegar með gild skírteini í árslok 2017 voru 331 (S 222/Ó 109). Þetta er svipað og árið áður þegar 332 (S 192/Ó 140) voru með gild skírteini. Lánþegum hefur fækkað í Ólafsfirði en aukning er á Siglufirði. Ástæðan er sú sama og áður er getið, börnin hafa flutt sig yfir á bókasafnið á Siglufirði eftir að neðri bekkir Grunnskólans voru sameinaðir á Siglufirði.

Samkvæmt talningu voru lánþegakomur á árinu 11.286 (S 7.756/Ó 3.530). Inni í þessum tölum eru einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnfræðslu, leikskólahópar, viðskiptavinir á bókamarkaði, gestir á hannyrðakvöldum og öðrum viðburðum. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöðina eru **EKKI** inni í þessum tölum. Gestum sem sækja bókasafnið heim fer fjölgandi og heimsóknir hafa ríflega tvöfaldast frá árinu 2013.

Helstu verkefni 2017

1. Skráning og frágangi ótengdra bóka lauk á árinu, fjögurra ára vinnu lokið ☺.
2. Hraunasafnið- lokið var við að skrá, flokka, og raða því sem fundist hefur af Hraunasafnsbókum ☺
3. Merkingar bættar á bókakosti og hillum.
4. Tiltekt í geymslu á 2. hæð
5. Þrif og fín röðun
6. Mikil vinna er fólgin í því að taka við gjafabókum en það margborgar sig því þær eru notaðar til að bæta bókakost safnsins.
7. Grisjun og tiltekt í tímaritakosti lauk á árinu ☺ en eftir er að tengja og skrá.

Viðburðir og sýningar

Sú breyting varð á árinu að þegar ný Fræðslustefna Fjallabyggðar tók gildi þá var það sett inn í dagskrá Frístundar að börnin heimsæktu bókasafnið á Siglufirði. Einnig hefur verið föst stund þar sem neðri bekkir grunnskólans fá bókasafnsfræðslu. Þau mæta á safnið einu sinni í viku með kennara og vinna ýmis verkefni þar sem þau læra á bókasafnið og hvernig þau finna bækur og heimildir. Þetta er frábært framtak og hefur strax skilað sér í því að börnin koma miklu meira á safnið en áður. Hannyrðakvöldin sem eru annað hvert þriðjudagskvöld yfir vetrarmánuðina eru alltaf vel sótt og hefur orðið aukning þar. Að jafnaði eru það nú 18 gestir sem sækja hvert hannyrðakvöld. Bókamarkaður var haldinn um páskana og voru það 124 gestir sem kíktu við til að ná sér í ódýrar bækur.

Fastar sýningar eru í glerskápum allt árið. Þar má meðal annars sjá muni úr eigu gamla Sparisjóðsins, muni frá Karalakórnum Vísi, fágætar bækur úr Hraunasafni og hina ýmsu muni sem fundist hafa í kössum hér við tiltekt. Unnið hefur verið við það á árinu að merkja þessa hluti. Gömul skrá frá Óla Blöndal fannst við tiltekt og þar má sjá uppruna hluta þessarar muna. Skráningu verður framhaldið á árinu 2018.

Héraðsskjalasafn

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélagsins og stofnana þess, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði síðan árið 1984 og frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin og enginn fastur starfsmaður eða skjalavörður var hluta af þeim tíma sem skjalasafnið hefur starfað. En eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“ og seinni ár hefur starfinu miðað ágætlega þó enn sé afar mikið verk óunnið. Á seinni hluta ársins 2017 var unnin opinber stefnumótun fyrir héraðsskjalasafnið og var hún samþykkt í bæjarráði snemma á árinu 2018. Þetta er stórt skref í þá átt að gera skjalasafnið virkt og uppfylla þau lög og reglugerðir sem gilda um héraðsskjalasöfn. Svo við vitnum í orð bæjarstjóra okkar, Gunnars Birgissonar, „þá er með því að starfrækja héraðsskjalasafn, lagður traustur grundvöllur fyrir því að varðveita skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum á heimaslóðum. Það er mikilvægt því saga okkar er margbrotnari en svo að hún verði eingöngu skoðuð í opinberum skjölum“ (Ársrit héraðsskjalasafns Kópavogs, 2010, bls. 5).

Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 Siglufirði. Þar er vinnuaðstaða skjalavarðar 16,1 fm². Skjalageymslan sjálf er 14 fm², eldtraust.

Héraðsskjalasafnið hefur sem sagt yfir 30 fermetrum af húsnæði að ráða og segir það sig sjálft að það er ekki nægjanlegt. Til að tryggja öryggi opinberra skjala var brugðið á það ráð að flytja einkaskjalasöfn yfir í geymslu á vegum bókasafnsins og búa þannig til pláss fyrir skjöl Ólafsfjarðar

í eldtraustu geymslunni. Aðstaða til að geyma skjalakassa og umbúðir sem til þarf er engin, notast er við milligang á 2. hæð en þar eru umbúðirnar geymdar.

Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafnsins er samnýtt með bókasafninu og komin er ágætis aðstaða fyrir gesti þar sem þeir geta sest niður og grúskað. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld með tilliti til tekna voru á árinu kr. 6.927.498 en rauntölur urðu kr. 6.265.823. Helstu ástæður fyrir að fjárheimildir voru ekki fullnýttar eru þær að lítið þurfti að kaupa af umbúðum á árinu, þær ráðstefnur og þau námskeið sem farið var á voru gjaldfrjáls, launaliður var lægri en ráð var fyrir gert og einnig fengust hærri endurgreiðslur úr ríkissjóði en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Mannauður

Anna Hulda Júlíusdóttir var í 50% starfi allt árið. Að auki var Bylgja Hafþórsdótti ráðin í 100% starf í þrjá mánuði í gegnum Vinnumálastofnun. Forstöðukona, Hrönn Hafþórsdóttir var í 40% starfi þar til í október en þá var starfshlutfall hennar aukið aftur í 50% en hún minnkaði starfshlutfallið tímabundið svo hægt væri að ráða í gegnum Vinnumálastofnun. Frá 1. nóvember er Bylgja Hafþórsdóttir í 15% starfi.

Helstu verkefni

Helstu verkefni starfsmanna héraðsskjalasafnsins á árinu voru vinna við skráningu opinberra skjala frá Ólafsfirði. Starf Bylgju þessa þrjá mánuði í gegnum Vinnumálastofnun var forvinna og frágangur skjala Siglufjarðar sem voru í geymslu á 2. hæð ráðhússins. Mikil vinna er enn eftir við skjöl Ólafsfjarðar og verður því framhaldið á árinu 2018. Afhendingar sem bárust á árinu var reynt að flokka og skrá jafnóðum og þær bárust. Á árinu 2013 voru afhendingar 13, árið 2015 voru afhendingar 30, og núna 2017 voru afhendingar samtals 35 þar af voru 21 afhending frá

einkaaðilium, félögum og fyrirtækjum en 14 afhendingar frá forstöðukonu, Hrönn Hafþórsdóttur en það eru hin ýmsu gögn sem fundust við tiltekt. Skráningar voru gerðar á 17 mismunandi flokka (félög, einstaklinga og fyrirtæki) og hillumetrar sem bættust við voru 20. Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og auðveldara er en áður að svara fyrirspurnum þar sem sífellt meira af gögnum er skráð. Formlegar fyrirspurnir á árinu voru 41 ýmist símleiðis eða með tölvupósti. Einnig var nokkuð um að fólk kæmi og bæði um að fá ákveðin skjöl til að nota við skrif eða rannsóknarvinnu. Er ánægjulegt hversu þessum heimsóknnum hefur fjölgað. Hluti einkaskjalasafna í eigu héraðsskjalasafnsins eru aðgengileg á vefnum einkaskjalasafn.is og stöðugt bætist við.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð

Allt árið 2017

Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur verið staðsett hin síðustu ár í Bókasafni Fjallabyggðar bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar fylgir opnunartíma bókasafnanna. Frá 1. júní til 31. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá kl. 09.00 - 17.00 virka daga á báðum stöðum. Lokað er þó í Ólafsfirði á morgnana á meðan á sumarleyfi starfsmanns stendur. Opið er á laugardögum í Ólafsfirði frá kl. 11.00 – 15.00 en á Siglufirði er opið bæði laugardag og sunnudag frá kl. 11.00 – 15.00. Lokað er á stórhátíðardögum.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar með tilliti til tekna voru á árinu 2017 kr. 5.961.000. Framlag Fjallabyggðar varð þó hærra því raungjöld urðu kr. 6.263.382. Kemur þetta til vegna hærri launakostnaðar en gert var ráð fyrir og má rekja það til mikillar aukningar ferðamanna. Meginkostnaður við rekstur upplýsingamiðstöðvar felst í launum, launatengdum kostnaði og innri húsaleigu. Þessir liðir eru samtals kr. 6.081.334 og það fé sem Upplýsingamiðstöð hefur til ráðstöfunar til að fjármagna auglýsingar, vörukaup og annað er aðeins tæpar 200.000 kr. Þetta er mögulegt eingöngu vegna þess að öll aðstaða og búnaður er samnýttur með bókasafni.

Mannauður

Starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar, (júní, júlí og ágúst), voru á Siglufirði, Bylgja Hafþórsdóttir (100%) og Jódís Jana Helgadóttir (50%) bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Eva Hrund Unnarsdóttir var ráðin tímabundið í gegnum Vinnuskólann. Frá og með 1. nóvember 2017 eru tveir starfsmenn með fast 10% starfshlutfall hvor, Vilhjálmur Hróarsson á Ólafsfirði og Bylgja Hafþórsdóttir á Siglufirði. Þetta er stórt skref sem ber að þakka fyrir.

Ferðamenn

Eins og áður er talið allt árið á Siglufirði og núna fyrst einnig á Ólafsfirði.

Siglufjörður – ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.-Des.
Erlendir	X	X	598	1151	916	372	X
Innlendir	X	X	15	186	56	3	X
Alls=3.805	220	209	613	1337	972	375	79

X* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 3.805 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði og er það ríflega 73% aukning frá árinu 2016 en þá sóttu 2.195 ferðamenn Upplýsingamiðstöðina heim. Það var þá 43% aukning frá árinu 2015.

Ólafsfjörður – ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.-Des.
Erlendir	X	X	66	107	90	X	X
Innlendir	X	X	0	29	4	X	X
Alls=435	52	12	66	136	94	61	14

X* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 435 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði og er það ríflega 39% aukning frá árinu 2016 en þá sóttu 313 ferðamenn Upplýsingamiðstöðina heim. **Af þessum tölum má sjá hversu ferðamannastraumur til Fjallabyggðar hefur aukist gífurlega.**

Þjóðerni sem skráð voru

Ferðamenn sem heimsóttu upplýsingamiðstöðvarnar voru samtals 4.240 talsins frá öllum heimshornum. Það voru ferðamenn frá 42 löndum sem heimsóttu Upplýsingamiðstöðina á

Siglufirði og ferðamenn frá 28 löndum sem heimsóttu Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði. Eins og áður voru Þjóðverjar og Frakkar í miklum meirihluta en nú eru Bandaríkjamenn orðnir efstir á listanum yfir fjölda þeirra ferðamanna sem heimsækja Fjallabyggð.

Siglufjörður

Ólafsfjörður

1	Bandaríkin	362	Bandaríkin	45
2	Frakkland	314	Frakkland	37
3	Þýskaland	296	Ísland	33
4	Ísland	257	Þýskaland	32
5	Bretland	154	Bretland	30
6	Kanada	131	Kanada	14

Þjóðerni sem skráð voru (stafrófsröð)

Argentína, Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Bretland, Danmörk, Egyptaland, Finnland, Frakkland, Færeyjar, Holland, Hong Kong, Indland, Írland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kórea, Kína, Litháen, Malasía, Marokkó, Mexíkó, Noregur, Nýja Sjáland, Portúgal, Pólland, Rússland, Slóvenía, Slóvakía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Taiwan, Tékkland, Venesúela, Þýskaland.

Hluti íslenskra ferðamanna hefur aukist frá fyrra ári og má það örugglega þakka betri tíð en árið áður. Mikið var um erlenda puttaferðalanga og nokkuð um óánægju með að engar samgöngur væru á milli Siglufjarðar, Hofsóss og Sauðárkróks.

[Algengustu fyrirspurnir ferðamanna](#)

Algengustu fyrirspurnirnar voru um gönguleiðir og leiðsögn. Mikið var spurt um staðina sem tengjast sjónvarpsþáttunum *Ófærð* og líka um staðina í bókum Ragnars Jónassonar. Hvers konar

útvíst verður æ stærri þáttur í fyrirspurnunum eins og hvar séu hestaleigur, hvalaskoðun, bátsferðir, skíði og þ.h. Aðrar fyrirspurnir helstar voru varðandi tjaldsvæðið, Síldarminjasafnið, þvott, netsamband, bílaverkstæði, veðrið og minjagripi. Eins og áður var leit þeirra að aðgangi að salerni alltof algeng, vantar sárlega almenningsalerni hér sem opin eru allt árið.

Helstu breytingar

Ekki var um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á árinu 2017 nema eins og fyrr greinir með starfsmenn. Enn er úrbóta þörf varðandi merkingar og upplýsingar um hvað hægt sé að gera í Fjallabyggð. Þrátt fyrir netið þá vilja ferðamenn enn bæklinga sem þeir geta skoðað í rólegheitum því þeir eru ekki endilega alltaf í netsambandi. Upplýsingamiðstöðin þarf að vera öflug og geta sinnt ferðamönnum af metnaði. Fjallabyggð hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar hér í Fjallabyggð að skapa aðstæður og hafa þann aðbúnað sem þarf til að gera dvöl ferðamannsins sem ánægjulegasta.

